

Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Sjálfsmatssamantekt
Unnin skólaárið 2001-2002

Jóna Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

<u>Formáli</u>	4
<u>Einkenni stofnunar</u>	5
<u>saga skólans og þróun nemendahópsins</u>	5
<u>rekstraraðili og reiknilíkan</u>	6
<u>stjórnskipan og starfsfólk</u>	7
<u>staða skólans í samfélaginu</u>	10
<u>Stefna og markmið</u>	12
<u>markmið brauta úr nýrri námskrá</u>	12
<u>rekstrarleg markmið</u>	14
<u>stefna í símenntun og fjarkennslu</u>	15
<u>markmið þróunarvinnu</u>	16
<u>stefna í upplýsingatækni</u>	17
<u>Nám og kennsla</u>	20
<u>skipulag og ábyrgð</u>	20
<u>mat á kennslu í einstökum áföngum</u>	21
<u>tengsl markmiða og námsefnis bóknámsbrauta</u>	23
<u>mat á starfi lyfjatæknaþrautar</u>	23
<u>stuðningur við nemendur</u>	24
<u>áherslur deilda á heimanám</u>	27
<u>Námsmat</u>	28
<u>hvernig er námsmati háttað</u>	28
<u>tengsl námsmats við markmið brauta</u>	29
<u>ábyrgð á framkvæmd námsmats</u>	29
<u>upplýsingaskylda gagnvart nemendum og heimilum</u>	30
<u>Nemendur</u>	31
<u>inntökuskilyrði</u>	31
<u>viðhorf nemenda til skólasamfélagsins</u>	32
<u>brottfall</u>	32

Starfsfólk	33
menntun þess og endurmenntun	33
stefna varðandi mannráðningar	34
Aðbúnaður	34
aðbúnaður kennara	34
aðbúnaður nemenda	35
aðbúnaður annarra starfsmanna	35
tækniþúnaður	36
bókasafn	37
Stjórnun	37
stjórnunarstill yfirmanna	37
Ytri tengsl	38
við grunnskóla	38
við aðra framhaldsskóla	39
við útlönd	39
Samantekt á styrkleikum og veikleikum	40
Gögn	42

Formáli

Sjálfsmatsskýrsla þessi eða sjálfsmatssamantekt er rituð af undirritaðri skólaárið 2001 – 2002. Hún er rituð að frumkvæði skólameistara og er hugsuð sem hluti af sjálfsmatsvinnu skólans. Skýrslan er í aðalatriðum byggð á gögnum sem orðið hafa til í skólanum þegar ákveðnir afmarkaðir hlutar skólastarfsins hafa verið metnir á undanförunum árum. Hugsunin á bak við þessa vinnu er að gefa yfirlit yfir allt sem gert hefur verið í matsmálum skólans fram til þessa og marka svo leiðina fram á við að því loknu.

Yfirlit yfir gögn þau sem stuðst hefur verið við er að finna aftast í skýrslunni. Þetta er ekki eiginleg heimildaskrá enda ekki alltaf um útgefið efni að ræða og þessa efnis sér mismikinn stað í samantektinni, en allt kom þó að einhverjum notum án þess að endilega sé vísað til þess í texta. Ef eitthvað er oftúlkað eða vanmetið er við undirritaða að sakast fremur en höfunda efnis.

Nú er þessum áfanga náð og þá er næst að horfa fram á veginn og halda áfram sjálfsmatinu en sjálfsmat skóla á að vera ferli sem aldrei lýkur heldur taki eitt við af öðru. Stýrihópur um sjálfsmat mun nú taka ákvörðun um hvaða hluti er mest aðkallandi að meta í framhaldinu og vonandi er að skólinn beri gæfu til að stunda umbótamiðað sjálfsmat; sjálfsmat sem miðar að því að gera góðan skóla betri.

Í maí 2002

Jóna Guðmundsdóttir

Einkenni stofnunar

saga skólans og þróun nemendahópsins

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er skóli á framhaldsskólastigi og hefur verið rekinn sem slíkur undir eigin nafni síðan 1981. Áður var starfandi gagnfræðaskóli í húsinu og þar var hægt að taka landspróf sem á þeim tíma veitti inngöngu í menntaskóla en einnig voru þar starfræktar verknámsbrautir gagnfræðaskóla um nokkurt skeið. Á þeim tuttugu árum sem skólinn hefur starfað sem fjölbrautaskóli hafa átt sér stað ýmsar breytingar eins og gengur og gerist. Áður en skólinn fékk leyfi til að útskrifa nemendur í eigin nafni var hann um í nokkur ár rekinn sem útibú frá Kennaraskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og markaðist námsframboð hans í fyrstu af þeim greinum sem þar voru kenndar og þá helst þeim sem ekki þurftu mikla verklega eða plássfreka aðstöðu. Þannig var í byrjun lögð mikil áhersla á viðskiptagreinar en einnig bókleg fög sjúkraliðanáms og árið 1981 útskrifaði skólinn 88 stúdenta, 48 af viðskiptabraut, 18 af heilbrigðisbraut, 13 af uppeldisbraut og 6 af málabraut. Þróunin hefur síðan orðið sú að í dag er þar rekinn skóli sem annarsvegar leggur áherslu á bóklegar greinar til stúdentsprófs og hinsvegar ýmisskonar starfsnám og á tuttugasta starfsárinu, 2001, útskrifuðust 99 stúdentar: 61 af félagsfræðibrautum ýmisskonar, 22 af náttúrufræðibraut og og 13 af málabraut. Það ár útskrifuðust hins vegar einnig 56 nemendur af starfsnámsbrautum eða 18 lyfjatæknar, 13 tanntæknar, 10 læknaritarar, 8 nuddarar og loks sjúkraliðar; 7 úr grunnnámi og 16 sem voru að ljúka hálfis árs framhaldsnámi.

Starfsnám við skólann var til skamms tíma eingöngu á heilbrigðissviði og árið 1998 var stofnaður Heilbrigðisskólinn sem sérstök stofnun innan skólans til að halda utan um það nám. Hinar allra síðustu annir hefur starfsnámsbrautum utan heilbrigðisskólans fjölgað og er þar fjölmennust upplýsinga- og fjölmiðlabraut en á vorönn 2002 var skráður þar alls 81 nemandi. Að öðru leyti

skiptast nemendur við upphaf vorannar 2002 þannig að 329 stunda nám á félagsfræðibraut, 143 á náttúrufræðibraut, 77 á málabraut og 44 á öðrum (eldri) brautum s.s. íþróttabraut og verslunar- og skrifstofubraut. Á sama tíma voru síðan við nám u.þ.b 310 nemendur á hinum ýmsu brautum heilbrigðisskólans, þar með taldir sjúkraliðar í nýju árs framhaldsnámi. Að lokum má geta þess að við skólann er starfandi sérdeild fyrir fatlaða nemendur, s.k. starfsbraut en á henni stunda nú nám 6 nemendur.

rekstraraðili og reiknilíkan

Skólinn er rekinn samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996. Eins og öðrum framhaldsskólum er honum fengið rekstrarfé frá ráðuneyti samkvæmt reiknilíkani fjármáladeildar menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt því líkani er gert ráð fyrir að nemandi í bóknámsskóla ljúki 17,5 námseiningum á önn og heitir það í bókhaldinu nemendaígildi. Þannig voru skráðir 787 nemendur í skólanum á haustönn '98 en nemendaígildi reiknuðust einungis 698 og greitt var fyrir þann fjölda. Skólastjórnendur áfangaskóla hafa oft haldið því fram að slíkir skólar komi verr út úr þessu reiknilíkani en hefðbundnir bekkjarskólar. Þar vegur þyngst að nemendur sem flosna upp úr námi á önninni og mæta ekki í próf teljast ekki með í uppgjöri annarinnar og fyrir þá fæst því ekki að fullu greitt þrátt fyrir að útlagður kostnaður þeirra vegna sé umtalsverður. Nokkur ástæða er einnig til að ætla að í áfanga- og fjölbrautaskólum sé meira um nemendur sem stunda vinnu með náminu en í hefðbundnum bekkjarskólum. Þannig sýna tölur úr könnun Hannesar Ólafssonar og fleiri (Könnun á högum og viðhorfum meðal nemenda í fimm framhaldsskólum, mars 2001) að 74% nema í FÁ stunda einhverja vinnu með náminu en einungis 40% nemenda Menntaskólans í Reykjavík segjast stunda launaða vinnu með námi. Nemendur í starfsnámi eru yfirleitt mun eldri en nemendur í hefðbundnu bóknámi framhaldsskóla og sveiflur í atvinnulífinu hafa meiri áhrif á þá en yngra fólk. Þegar vinna og nám rekast á er oft hætt við að skólinn verði að láta í minni pokann fyrir launaumslagi og því þá heldur sem í

áfangaskóla getur nemandi hætt að sækja tíma í einu eða tveimur fögum og fækkað einingum að sama skapi án þess að hætta námi með öllu. Því er reiknilíkanið með sín nemendaígildi ekki alltaf hliðhollt slíkum skólum þar sem útlagður kostnaður fæst ekki allur greiddur hætti nemandi við að fara í próf. Allar aðgerðir af hálfu skólans til að draga úr brottfalli nemenda stuðla þannig að því að fjárhagsáætlanir standist og fjárveitingar skili sér. Árið 2001 var því af skólans hálfu farið að vinna enn betur en áður að því að minnka brottfall nemenda úr skólanum. Virðist það nú þegar hafa skilað nokkrum árangri þar sem árið 2001 var gert ráð fyrir 658 nemendaígildum (tölur byggðar á brottfalli liðinna ára) en nemendur urðu í raun 762.

Reiknilíkanið kemur einnig illa til móts við starfsmenntaskóla hvað varðar húsnaði þar sem lítið tillit er tekið til þess að starfsnám er yfirleitt plássfrekara en venjulegt bóknám og á sama hátt er ekki lítið til þess að fagbóklegir áfangar eru oft sérhæfðir og fámennir og því skólunum dýrari en bóklegir áfangar á fjölmennari brautum.

stjórnskipan og starfsfólk

Skólanefnd er stjórn skólans. Hún er skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt lögum nr. 132/1997 og í henni sitja fimm menn, þar af tveir tilnefndir af Reykjavíkurborg. Auk þess eiga bæði kennarar og nemendur sér áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Skólanefnd gerir tillögur um ráðningu skólameistara til menntamálaráðherra. Hún heldur fundi reglulega og henni ber að fara yfir og samþykkja fjárhagsáætlun ár hvert. Skólameistari situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar.

Skólameistari er ráðinn til fimm ára í senn af menntamálaráðherra. Hann stjórnar daglegum reksti og sér um að gildandi lögum og reglugerðum sé fylgt við daglegt skólastarf. Hann ber ábyrgð á að stöður séu auglýstar og hefur úrslitavald um ráðningu kennara að höfðu samráði við viðkomandi deild og

skólanefnd. Hann ber einnig ábyrgð á því að kennsla fylgi ríkjandi námskrá og að fjárhagsáætlun, samþykkt af skólanefnd, sé framfylgt.

Aðstoðarskólameistari er einnig ráðinn til fimm ára, með möguleika á framlengingu önnur fimm ár. Hann heyrir beint undir skólameistara og skal vera staðgengill hans. Undir hann heyra agamál og fjarvistir nemenda, starfsmannamál, þar með talin launamál, umsjón með töflugerð í samráði við áfangastjóra, kennsluskiptingu og heimasíðugerð svo nefnd séu helstu verk svið hans samkvæmt ákvörðun skólanefndar. Þó úrslitavald um ráðningu aðstoðarskólameistara sé í höndum skólameistara hefur skapast sú venja í skólanum að starfsmannafundur segir sitt álit á umsækjendum og það álit haft til hliðsjónar við ráðningu í starfið.

Áfangastjóri er ábyrgur fyrir töflugerð og nemendabókhaldi. Í lögum um framhaldsskóla er gert ráð fyrir að í þá stöðu sé ráðið til fjögurra ára í senn með möguleika á framlengingu.

Fjármálastjóri heyrir beint undir skólameistara skv. heimildarákvæði í reglugerð um framhaldsskóla og er hann ábyrgur fyrir launagreiðslum og öllu bókhaldi. Undir hann heyrir starfskraftur í hlutastarfi sem sér um að færa bókhald.

Kennslustjórar eru starfandi á starfsmenntabrautum. Þeir eru ábyrgir fyrir innritun á brautirnar, námsframboði og öllum rekstri þeirra. Þeir hafa einnig umsjón með verklegu námi sem fram fer utan skólans.

Deildarstjóri var til skamms tíma embætti sem til var í skipuriti skólanna. Sem slíkur bar hann faglega ábyrgð á sinni kennslugrein í samráði við aðra kennara í greininni. Í kjarasamningum kennara árið 2001 var staða deildarstjóra lögð niður og ákvörðun tekin um að allir kennarar deildar ættu að skipta með sér störfum deildarstjóra. Lítil reynsla er komin á þá skipan ennþá en þó voru strax haustið 2001 skipaðir verkstjórar í deildum við FÁ. Þeir sinna helstu verkefnum sem áður heyrðu undir deildarstjóra, þeim er ætlað að samræma störf deildarinnar og að vera tengiliður yfirvalda og deildar. Líta má á þá skipan mála sem yfirlýsingu um að slíkir yfirmenn deilda séu nauðsynlegir til að skólinn geti starfað eðlilega en enn sem komið er skortir mikið á að þess gæti í

launagreiðslum. Þannig var deildarstjóri í gamla kerfinu með 2 – 6 klst. kennsluafslátt á viku auk þess að njóta hækkunar um einn launaflokk meðan hann gegndi stöðunni en núverandi verkstjórar fá einungis eins flokks hækkun en engan kennsluafslátt.

Á skrifstofu skólans eru tvö stöðugildi, skrifstofustjóri og fulltrúi, báðir í fullu starfi. Skrifstofa skólans er opin á skólatíma eftir að gerð var tilraun haustið 2001 með að loka einn dag í viku til að starfsfólk gæti sinnt ýmis konar pappírsvinnu án truflunar. Sú tilraun mæltist ekki vel fyrir og var blásin af eftir stuttan reynslutíma.

Námsráðgjafar skólans eru tveir í fullu starfi við og á bókasafninu starfa tveir bókasafnsfræðingar annar í fullu starfi og hinn í _ hlutum. Nemendur gegna síðan afleysingarstörfum við afgreiðslu ef þörf krefur.

Netstjórar eru tveir og hvor í hálfu stöðugildi auk þess sem annar þeirra er tímabundið í hálfu starfi sem stjórnandi tilraunaverkefnis um þróunarskóla. Auk þess sinnir einn tölvukennari hálfu starfi í umsjón með tölvuþjónustu við starfsfólk og nemendur. Nokkrir nemendur skiptast á um að standa vaktir við umsjón í tölvuveri síðdegis.

Hlutastaða forvarnarfulltrúa er við skólann og einn kennari er meðfram kennslustörfum félagsmálafulltrúi. Sá er í hlutastarfi við að hafa umsjón með félagslífi nemenda en auk þess er bókfærslukennari þeim til halds og trausts við að sjá um bókhald nemendafélagsins. Staða prófstjóra er ný við skólann og henni er sinnt af kennara í hlutastarfi. Sömuleiðis sinna kennarar í hlutastörfum ýmsum tilfallandi verkefnum og má þar nefna erlend samskipti, ritstjórn skólanámskrár og ritun sjálfsmatsskýrslu. Hjúkrunarfræðingur hefur vikulegar viðtalstíma fyrir nemendur og er sá einn af starfandi kennurum heilbrigðisbrautar.

Annað starfsfólk skólans er: Húsvörður sem sinnir umsjón og viðhaldi með húsnæði skólans. Ræstingastjóri sér um þrif og hefur umsjón með ræstitæknum sem koma eftir kennslu á daginn og þrifa skólann. Í mötuneyti kennara starfa tvær matseljur í einu og hálfu starfi og í sölubúð nemenda starfar ein matselja í fullu starfi.

staða skólans í samfélaginu

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur um margt sérstöðu meðal framhaldsskóla. Eins og fyrr segir eru starfsmenntabrautir stór hluti námsbrauta við skólann og hann er einnig ungur skóli, einungis 20 ára sem er ekki hár aldur meðal framhaldsskóla. Til samanburðar má geta þess að elstu framhaldsskólar landsins eru Menntaskólinn í Reykjavík, sem á rætur sínar að rekja til Latínuskólans gamla og hefur verið rekinn í sama húsnæði í hálfu aðra öld og Menntaskólinn á Akureyri sem er stofnaður snemma á síðustu öld. Elstu áfangaskólar landsins eru Menntaskólinn við Hamrahlíð sem er stofnaður 1966, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti sem er næstur FÁ í aldri, stofnaður 1975 og Iðnskólinn í Reykjavík sem er einnig í hópi elstu áfangaskólanna, hefur starfað sem slíkur síðan 1982. Það er ljóst að skóli sem einungis hefur útskrifað stúdenta síðastliðin 20 ár á sér ekki jafn sterkt bakland í samfélaginu og eldri skólar eiga gjarnan. Áfangakerfið sem bóknámsbrautir skólans byggjast á er hinsvegar vel til þess fallið að taka við nemendum sem einhverra hluta vegna hafa hætt námi við aðra skóla og meta fyrra nám þeirra. Þannig hefur skólinn um árabil tekið við nemendum utan af landi sem annaðhvort eiga ekki kost á að ljúka stúdentsprófi í heimabyggð eða hafa einhverra hluta vegna ákveðið að flytja sig um set. Sömuleiðis hefur skólinn tekið við nokkrum fjölda nemenda ár hvert sem ekki hefur náð tilskildum prófum við aðra framhaldsskóla eða kjósa að flytja sig úr bekkjakerfisskóla yfir í áfangaskóla.

Ástæður þess að þessir nemendur leita eftir vist í skólanum eru margvíslegar. Eins og fyrr segir er skólinn ungur og eftirspurn eftir námi við hann ekki jafn mikil og ýmsa aðra skóla og því auðvelt að veita þessu fólki skólavist. Önnur ástæða er sú að skólinn hefur unnið sér gott orð fyrir að taka vel á móti fólki sem hefur misstigið sig á menntabrautinni og að gera sérlega vel við nemendur sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja. Þetta vita námsráðgjafar víða í skólakerfinu og benda því gjarnan á skólann sem valkost fyrir slíka nemendur.

Þegar tölvuvæðing framhaldsskóla hófst í byrjun níunda áratugarins skipaði Fjölbrautaskólinn við Ármúla sér strax í fremstu röð meðal framhaldsskóla hvað varðaði að nýta hina nýju tækni. Kennarar voru í heildina mjög opnir fyrir nýjungum og tóku fljótlega við að nota tölvur til að auðvelda sér undirbúning kennslu og síðar einnig að nota tölvur í kennslunni sjálfri. Skólayfirvöld hafa reynt eftir föngum að hlúa að þessu brautryðjendastarfi og hafa sýnt vilja sinn í verki með því að bjóða kennurum upp á fjölda námskeiða í gegnum árin þar sem hverju sinni hefur verið kynnt nýjasta nýtt á þessu sviði.

Ráðuneyti menntamála ákvað síðan árið 1999 að velja þrjá framhaldsskóla og þrjá grunnskóla til að vera svokallaðir þróunarskólar í upplýsingatækni og var FÁ meðal þeirra skóla sem urðu fyrir valinu og stendur sú tilraun enn. Hún hefur vakið þó nokkra athygli úti í samfélaginu og henni hefur fylgt fjölmiðlaumfjöllun og því má telja trúlegt að einhver hluti þeirra nýnema sem nú um stundir hefja nám við skólann sækir þangað af þeim sökum.

Þjónusta við nemendur er einnig atriði sem telja má að nemendur og forráðamenn þeirra leggi áherslu á við val á skóla. Þar hefur skólinn reynt að standa sig með því að bjóða nemendum víðtæka tölvuumsjón, bæði í tölvuveri sem og stuðning við fartölvueigendur. Hlutfall skrifstofufólks er einnig með því mesta sem þekkest í framhaldsskólum og má ætla að það komi ekki síst nemendum til góða sem leita þangað mikið með margvísleg úrlausnarefni.

Gróflega má flokka nemendur skólans í þrjá flokka. Í fyrsta lagi þann hægt vaxandi hóp sem kemur inn í skólann beint að loknu grunnskólanámi og stefnir að því að ljúka stúdentsprófi (oftast) eða námi af einhverri starfsmenntabraut. (Í könnun á Hannelsar og fleiri kom fram að að 50% nemenda bóknámsbrauta á að baki nám í öðrum framhaldsskóla áður en þeir hófu nám í skólanum en í samsvarandi könnun framkvæmdri af sömu höfundum 1998 fylltu 54% þann flokk).

Í öðru lagi eru þeir nemendur sem koma með mislangt nám úr öðrum framhaldsskólum og vilja ljúka stúdentsprófi við skólann.

Og í þriðja lagi eru svo nemendur heilbrigðisskólans sem yfirleitt eru eldri en hinir og koma gagngert til að ljúka starfsnámi af einhverri

heilbrigðisbrautanna. Af þessum hópum er það einungis sá fyrsttaldi sem segja má að innihaldi nemendur á “eðlilegum” framhaldsskólaaldri. Fyrirnefnd könnun á högum nemenda í fimm framhaldsskólum leiddi þannig í ljós að nemendur skólans voru langelstir þrátt fyrir að nemendur Heilbrigðisskólans væru ekki meðal þátttakenda í þeirri könnun heldur einungis nemendur bóknámsbrauta. Þannig voru 27% nemenda skólans (annarra en Heilbrigðisskólans) yfir tvítugt en heildartölur fyrir alla skólana voru rúm 11% og í Menntaskólanum í Reykjavík var ekki nema 2% nemenda eldri en tuttugu ára. Þessi aldurssamsetning nemendahópsins er sennilega helsta ástæða þess að erfiðlega hefur gengið að byggja upp öflugt félagslíf en skort á slíku segja nemendur stundum eina höfuðástæðu þess að þeir velji fremur aðra framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er stundum sagður sveitaskóli í þéttbýli. Hærra hlutfall nemenda skólans er utan af landi en almennt þekkist í framhaldsskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þannig kom fram í áðurnefndri könnun að 13,5% nemenda áttu lögheimili annarsstaðar en á suðvesturhorninu. Þetta hlutfall hefur þó farið lækkandi, var í tilsvareandi könnun árið 1998 um 23%. (Könnun á högum nemenda í fimm framhaldsskólum, 1998).

Stefna og markmið

markmið brauta úr nýrri námskrá

Samkvæmt nýrri námskrá framhaldsskóla sem gekk í gildi árið 1999 var ákveðið að bóknámsbrautir til stúdentsprófs yrðu einungis þrjár: Félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og málabraut. Þetta breytti nokkru fyrir FÁ þar sem allnokkur hluti nemenda útskrifaðist fram að því ár hvert með stúdentspróf af hagfræðibraut og íþróttabraut svo algeng dæmi séu tekin. Nýja námskráin gerir hinsvegar ráð fyrir að innan hvers skóla geti verið starfandi ýmsar starfsnámsbrautir, eins til fjögurra ára og við þær megi síðan bæta aukamissurum þannig að náminu ljúki, ef vill, með stúdentsprófi. Starfsnámsbrautir eru allmargar starfandi við skólann

þar sem annars vegar eru brautir Heilbrigðisskólans; lyfjatæknabraut, sjúkraliðabraut, tanntæknabraut, læknaritarabraut og nuddbraut og hinsvegar upplýsingatækni og fjölmiðlabraut, sem er ný þriggja ára braut þar sem áhersla er lögð á vefsmíði og margmiðlun og í smíðum er ný viðskiptabraut sem er byggð upp með þarfir þeirra sem hyggja á framhaldsnám á viðskipta- eða hagfræðisviði. Öllum þessum starfsnámsbrautum er síðan hægt að ljúka með stúdentsprófi, ef vill, með því að bæta við mismörgum áföngum úr námskrá nema læknaritarabrautinni en hún sker sig úr þar sem þar er stúdentspróf inntökuskilyrði!

Nýrri námskrá framhaldsskóla virðist ætlað að reyna að draga nokkuð úr þeirri ofuráherslu sem hefur verið á stúdentsprófið í íslenska framhaldsskólakerfinu hin síðari ár. Erfitt er að spá fyrir um hvernig það muni heppnast en nú í byrjun virðast nemendur eftir sem áður stefna á að útskrifast með stúdentspróf. Þetta kom skýrt fram í könnun á aðstöðu og viðhorfum nemenda framkvæmdri á vorönn 2002. (Óbirt könnun framkvæmd í mars 2002. Jóna Guðmundsdóttir). Nemendur voru spurðir um hvort þeir stunduðu nám á starfsmenntabraut eða stúdentsprófsbraut. Einungis 3% nemenda sögðust stunda nám á starfsmenntabraut (annarri en sérbrautum Heilbrigðisskólans) þrátt fyrir að samkvæmt tölum frá skólayfirvöldum séu um 10% nemenda skráðir á nýja upplýsinga of fjölmiðlabraut. Samkvæmt því virðast nemendur þegar vera búnir að gera upp hug sinn og ákveða að bæta við sig einingum til stúdentsprófs að loknu námi á starfsmenntabrautinni. Þetta gæti þó átt eftir að breytast, einkum ef inntökuskilyrðum í nám á háskólastigi verður breytt sem og ef atvinnurekendur fara að taka nemendur starfsnámsbrauta fram yfir ómenntað starfsfólk.

rekstrarleg markmið

Framhaldsskólar eru reknir sem fyrr segir af ríkinu og sem úthlutar fjármunum til rekstursins í samræmi við nemendafjölda og fjölda eininga sem þeir skila á hverju ári. Með aukinni fjárhagslegri ábyrgð skóla samkvæmt reglugerð 335/1999 er mikilvægara en áður fyrir skóla að halda sig innan fjárhagsáætlunar og um leið erfiðara að fá aukafjárveitingar. Skólinn hefur verið rekinn með halla síðustu árin og munar þar mest um hversu illa hann hefur komið út úr fyrrnefndu reiknilíkani en mikið brottfall nemenda og dýrir fagbóklegir áfangar á starfsmenntabrautum ráða einnig miklu þar um. Ráðist var í breytingar á húsnæði skólans 1998 og aftur 2000 og í framhaldi af því í nokkra endurnýjun á húsgögnum og öðrum búnaði. Einnig hefur skólinn lagt í mikinn kostnað við uppbyggingu tölvukerfis og tölvumenntun starfsfólks og þrátt fyrir að þróunarskólaverkefninu hafi fylgt fjárveitingar hafa þær langt í því frá verið nægar. Því hefur verið tekin upp sú stefna að afla sértekna í auknum mæli, fyrst og fremst með námskeiðahaldi og nú á allra síðustu önnum með fjarkennslu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að þessar sértekjur nemi alls um 27 milljónum króna.

Að lokum má geta þess að allar aðgerðir sem miða að því að draga úr brottfalli nemenda hafa þau áhrif að skólinn kemur betur út þegar nemendaígildi eru reiknuð og því leggur skólinn aukna áherslu á að halda utan um nemendur og hvetja þá til dáða.

Haustið 2001 fóru af stað viðræður við eigendur Verslunarskóla Íslands um hugsanlega samvinnu þessara skóla. Gert er ráð fyrir að báðir aðilar gætu haft hag af sameiningu og að samlegðaráhrif yrðu umtalsverð. Þar er af hálfu FÁ litið til þess að Verslunarskólinn er rekinn af fjársterku eignarhaldsfélagi og gæti látið fé í uppbyggingu og stækkun húsnæðis en Verslunarskólinn hinsvegar sér sinn hag í samvinnu á sviði upplýsingatækni og rekstri starfsnámsbrauta sem honum ber samkvæmt lögum að reka. Sameiningarviðræður eru hinsvegar í bið þessa stundina (ársbyrjun 2002).

stefna í símenntun og fjarkennslu

Skólinn hefur á undanförunum árum lagt sívaxandi áherslu á endur- og símenntun. Þar hafa endurmenntunarnámskeið heilbrigðisstétta vegið þyngst sem og námskeið í tölvu- og netnotkun, bæði fyrir kennara skólans og aðra. Þar er bæði um að ræða staðbundna kennslu og fjarkennslu í gegnum tölvur. Kennarar á námskeiðum þessum hafa ýmist verið úr hópi fastráðinna kennara við skólann eða utanaðkomandi fólk. Á tuttugu ára afmælisári skólans, árinu 2001, var ákveðið að stofna símenntunarmiðstöð sem héldi utan um þessa kennslu og leitaði leiða til að auka vægi hennar í skólastarfinu. Hlaut miðstöðin nafnið Framvegis. Ráðinn var símenntunarstjóri og farið var af stað með öflugra kynningu á starfseminni. Ef vel tekst til eru vonir bundnar við að símenntunarmiðstöðin muni afla skólanum allnokkurra sértekna sem meðal annars er hægt að nota til að efla tækjakost skólans. Einnig býður þetta heim aukinni nýtingu á húsnæði, tölvuverum sem og kennarakosti sem er einkar hagstætt fyrir alla aðila.

Til viðbótar við þetta hefur var ákveðið að gera tilraun með fjarkennslu í nokkrum áföngum námskrár á haustönn 2001. Þar var ætlunin að vera með efni áfanganna á netinu þannig að fólk utan skólans gæti nýtt sér það án þess að mæta í tíma. Verkefnum áttu nemendur að skila í tölvupósti en lokapróf skyldi sameiginlegt með öðrum nemendum áfangans. Verkefnið var smátt í sniðum en þó var auglýst að hægt væri að taka við nemendum í alls 43 mismunandi áfanga. Til náms skráði sig og greiddi alls 51 nemandi í 230 einingar. Nú á vorönn 2002 var tilrauninni haldið áfram og var um verulega fjölgun að ræða en þá voru 105 manns sem skráðu sig fyrir 482 einingum. Ef þessi tilraun tekst vel er yfirlýst stefna skólans að bjóða upp á sem flesta áfanga á þessu formi í framtíðinni og eru nú í gangi athugarir á hvort mögulegt sé að bjóða upp á fjarnám á sumrin sem væri þá hugsað sem kostur fyrir nemendur skólans og aðra sem einhverra hluta vegna vildu hraða námi sínu og útskrift.

markmið þróunarvinnu

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur um margt sérstöðu í íslenska skólakerfinu. Sem þróunarskóli í upplýsingatækni hefur hann markað sér sérstaka stefnu í þeim málum og verður gerð grein fyrir þeim síðar. Annarri þróunarvinnu má skipta í þrennt.

- I Í fyrsta lagi er það hlutverk skólans að útskrifa fólk af bóknámsbrautum með stúdentspróf og setur hann sér því það markmið að útskriftarnemendur séu færir um að takast á við framhaldsnám eða störf sem krefjast þess að nemendur hafi lokið þeim áfanga. Á komandi árum er stefnt að því af hálfu menntamálaráðuneytis að halda samræmd próf í ýmsum greinum stúdentsprófsins og þess vegna mun skólinn beita sér fyrir því að deildir þróa kennslu sína þannig að nemendur verði sem best búnir undir þau próf.
- II Í öðru lagi eru starfsmenntabrautir skólans í sífelldri þróun. Þær heyra undir tvö starfsgreinaráð og er markmið skólans að þróa þær brautir í samráði við starfsgreinaráðin þannig að nemendur þessara brauta séu sem best búnir undir að takast á við kröfur atvinnulífsins á hverjum tíma.
- III Öll þróunarvinna í skólum hlýtur síðan að byggjast á meðvitaðri þátttöku kennara sem og annarra starfsmanna. Skólinn mun því leggja áherslu á þróa kennsluhætti í samráði við kennara og í því sambandi gera sér far um að styrkja kennara til góðra verka s.s. eins og að sækja sér endurmenntun eða námskeið og til námsefnisgerðar. Skólinn þarf að sjálfsögðu að meta slíka vinnu til launa á einhvern hátt, annaðhvort með launaflokk/flokkum eða með kennsluafslætti.
- IV Þróunarvinna einstakra deilda og brauta er síðan undirstaða alls þróunarstarfs í skólum. Þar vill skólinn styðja deildir eftir föngum til frumkvöðlastarfs og jafnframt hvetja til samstarfs við aðra skóla sem og aðila á öðrum vettvangi.

stefna í upplýsingatækni

Árið 2000 var gerður samningur milli skólans og menntamálaráðuneytis þar sem skólanum var falið að vera þátttakandi í tilraunaverkefni um upplýsingatækni í skólastarfi; svokallaður þróunarskóli í upplýsingatækni. Á grundvelli þessa samnings hefur skólinn síðan mótað sér stefnu í upplýsingatækni þar sem helstu áhersluliðir snúa að kennurum, nemendum, fjarnámi og dreifnámi sem og að uppbyggingu tækjakosts:

- I. *Kennarar.* Til að kennarar geti tekið þátt í að byggja upp skólastarf þar sem upplýsingatækni er beitt í sívaxandi mæli þurfa þeir að eiga kost á menntun sem gerir þeim það kleift auk þess sem á stefnan er að allir kennarar hafi yfir að ráða eigin fartölvu eða nettengdri tölvu. Við lok ársins 2001 voru um 50 kennarar komnir með eigin fartölvu og sinntu þessir kennarar um 75% allrar kennslu við skólann (Sjá: <http://www.fa.is/utskoli/skyrsla00/skyrsla2000.html> sem er skýrsla um þróunarskólaverkefnið). Til að tryggja nýtingu þeirra tölva sem skólinn fær kennurum í hendur hefur þeim verið skylt að sækja ákveðinn fjölda námskeiða, alls 60 kennslustundir, áður en þær fást afhentar. Þessi námskeið skiptast samkvæmt skýrslunni í það sem kalla má almennt tölvulæsi (20 kest), kennsluaðferðir og kennslutækni í tölvustuddri kennslu (20 kest) og gerð kennsluefnis á vefrænu fomi (20 kest). Reyndin er sú að flestir kennarar hafa sótt miklu fleiri námskeið en þessi skyldunámskeið og margir hafa þessutan lagt mikla vinnu í að kynna sér sérhæfð forrit og kennsluhugbúnað. Könnun sem gerð var á viðhorfi kennara skólans til tölvunotkunar í skólastarfinu sýnir að um 90% þeirra telur að hún muni breyta skipulagi skóla og 80% telja að kennsluaðferðir muni batna. Hins vegar voru ekki nema 50% kennara sem álitu að aukin tölvunotkun í skólanum yrði til að auðvelda starf kennarans. Hugsanlega má túlka það sem vísbendingu um að kennurum vaxi í augum að fylgja ávallt eftir því nýjasta í tölvuheiminum

samtímis því sem þeir verða eftir sem áður að fylgjast með því nýjasta í eigin fagi. Stefna skólans er vissulega sú að umbuna þeim kennurum sem vinna frumkvöðlastarf í notkun upplýsingatækni, launalega eða á annan hátt, en svigrúm er ekki mikið þegar fjármagn er af skornum skammti.

- II. *Nemendur.* Haustönn 2000 var öllum nýnemum boðið að kaupa sér fartölvu til notkunar í námi sínu. Eldri nemendur gátu einnig gengið inn í það tilboð þó að nám þeirra miðaðist ekki á sama hátt við að þeir hefðu yfir eigin tölvu að ráða. Fyrstu önnina ýmist keyptu eða leigðu 66 nýnemar fartölvu og þá voru settir á stofn svokallaðir fartölvuhópar þar sem kennslan var sérstaklega miðuð við fartölvueign nemenda. Næstu annir á eftir hægði á kaupum nýnema á tölvum þannig að ekki hefur verið grundvöllur fyrir sérstökum fartölvuhópum en engu að síður er það vaxandi fjöldi nema sem nýtir sér eigin tölvur í kennslustundum t.d. við glósugerð. Á komandi önnum verður áfram fylgt þeirri stefnu að nemendur eignist eigin tölvur og bjartsýnar spár gera ráð fyrir að árið 2005 verði allir nemendur komnir með eigin fartölvu og mun þá öll kennsla við það miðuð. Þrátt fyrir þá stefnu hefur verið haldið áfram að byggja upp tölvuver skólans og þjónustu við nemendur sem nýta sér hana í ríkum mæli. Haustönn 2001 sóttu þannig 650 nemendur (af 830 skráðum) netföng sín og 80 þessara nemenda leigðu að auki netkort í eigin fartölvu meðan hinir 570 nýttu sér tölvuver skólans. Þar voru þá önn til umráða fyrir nemendur 74 tölvur þannig að ríflega 7 nemendur voru um hverja tölvu. (Skv. fyrrnefndri skýrslu um þróunarskólaverkefnið) Kennsluverkefni unnið af nemendum í sálfræði þar sem þeir spurðu samnemendur sína um skoðanir á gagnsemi fartölva í kennslu gefur til kynna að nemendur skólans telji fartölvueign sérlega vel til þess fallna að búa nemendur undir störf á vinnumarkaði og sömuleiðis segja þeir langflestir að almenn fartölvueign muni stuðla að því að gera kennslustundirnar fjölbreyttari. (Óbirt könnun sálfræðihóps vor 2000).

- III. *Fjarnám og dreifnám.* Skólinn stefnir að því að bjóða sem flesta áfanga skólanámskrár í fjarkennslu þannig að nemendum utan skólans gefist kostur á að stunda nám án þess að mæta í skólann nema til að taka próf. Farið var á stað með tilraun í fjarnámi á haustönn 2001. Þá þegar skráðu sig 51 nemandi fyrir samtals 230 einingum. Vorönn 2002 hafði skráðum nemendum fjölgaði í 105 og einingarnar sem þeir voru skráðir í voru orðnar 482. Virðist þessi tilraun ætla að fara vel af stað og af skólans hálfu er áhersla lögð á að fjarkennarar leggi sem minnsta aukavinnu í að sinna fjarnemendum heldur felist fjarkennslan í að opna þeim aðgang að efni á heimasíðum og leiðbeina þeim um vinnulag. Þó fjarnám þetta sé hugsað sem viðbót við skólastarfið þá stendur það að sjálfsgöðu einnig nemendum skólans opið ef þeir kjósa að taka einhverja áfanga þar t.d. til að flýta námslokum. Jafnframt fjarnámi þessu leggur skólinn ekki síður áherslu á að bjóða reglulegum nemendum skólans upp á svonefnt dreifnám. Í dreifkennslu/-námi er gert ráð fyrir því að hluti námsins sé unninn utan kennslustunda með því að nemandi nálgist efni sem kennari hefur sett á internetið og skili unnum verkefnum tilbaka, til dæmis í tölvupósti. Þannig eru gjarnan þrír af fjórum tímum í áfanga staðbundnir tímar en fjórði tíminn dreifkenndur. Eftir því sem dreifnámsáföngum fjölgar verður stundatöflugerð auðveldari og stofunýting betri. Því eru það hagsmunir skólans að þeim fjölgi, nokkuð sem tölur sýna að gerist hratt. Þannig voru dreifnámsáfangar c.a. 8 vor 2001, eitthvað fleiri um haustið 2001 og orðnir 37 (26x3 og 11x2 einingar) á vorönn 2002 og milli 50 og 60% nemenda stundaði þá nám í a.m.k. einum slíkum. (fyrirnefnd óbirt könnun á aðstöðu nemenda vorið 2002).
- IV. *Tækja- og hugbúnaður.* Lögð er áhersla á að tölvukostur skólans sé ávallt eins góður og kostur er. Sérstaka áherslu mun skólinn leggja á að prófa nýjan tækja- og hugbúnað enda hlutverk hans sem þróunarskóla í upplýsingatækni að gera slíkar tilraunir og miðla árangrinum áfram til annarra skóla. Þannig var lagður ljósleiðari í

húsið árið 2001 og tengir hann skólann með 10 Mb/s bandvídd við ljósleiðarakerfi Landsímans og Skýrr. Þráðlausu örbylgjusambandi var um svipað leyti komið upp og geta fartölvunotendur nú verið í sambandi hvar sem er innan veggja skólans.

Síðan haustið 2000 hefur skólinn haft tilraunaaðgang að kennsluhugbúnaðinum WebCT sem er lokaður kennsluvefur, sérhannaður til að halda utanum kennslugögn sem og verkefni nemenda. Á þessum tíma hafa nokkrir kennarar skólans gert tilraunir með notkun þessa hugbúnaðar með góðum árangri. Fögin sem kennd hafa verið með búnaðinum eru m.a. félagsfræði, sálfræði, tölvugreinar og stærðfræði og gróflega reiknað má áætla að um eða yfir 30% nemenda noti þennan búnað nú á vorönn 2002.

Þrátt fyrir að skólinn sé sem fyrr segir einn þróunarskóla í upplýsingatækni verður að segjast eins og er að samvinna og upplýsingamiðlun milli skóla er ekki alltaf sem skyldi. Þetta virðist bæði eiga við um samvinnu meðal hinna þriggja þróunarskóla á framhaldsskólastigi sem og milli skólanna yfirleitt. Þetta var eitt að aðalatriðum í úttekt ríkisendurskoðunar á tölvukerfum framhaldsskólanna sem birt var um áramótin 2001/2002. (Sjá: <http://www.rikisend.althingi.is/skyrslur2001/frskolar.pdf>).

Nám og kennsla

skipulag og ábyrgð

Þrátt fyrir mikilvægi hefur ekki verið kannað innan skólans hvernig skipulagi kennslu er háttað og því er nauðsynleg að ráðist verði í það sem fyrst. Er þá fyrst og fremst hugsað til samræmingar á milli kennara, ára og áfanga og einnig

milli námsefnis og markmiða. Ljóst er að slíkt verkefni er, ef ekki innifalið, þá náteingt vinnu við sjálfsmat deilda. Æskilegt væri að reyna varpa ljósi á það hvernig kennsla í áföngunum er skipulögð, hver beri ábyrgð á að námskrá sé fylgt og hvernig nýbreytnistarfi sé háttað. Jafnframt því þarf að athuga hvernig markmiðssetning og eftirlit með árangri eigi sér stað og hvernig yfirvöld fylgi eftir að slík vinna sé unnin í deildum.

mat á kennslu í einstökum áföngum

Á haustönn 1999 var lögð könnun fyrir nemendum FÁ um viðhorf þeirra til náms og kennslu í skólanum. (Birgir Einarsson, feb. 2000, óbirt könnun). Samskonar könnun hafði áður verið gerð í Fjölbrautaskóla Suðurlands og var markmiðið með því að framkvæma hana í FÁ annars vegar að fá raunhæfan samanburð við annan skóla á sama stigi en hins vegar og hugsanlega öllu fremur að fá mat nemenda á einstökum námskeiðum til upplýsingar fyrir viðkomandi kennara og skólayfirvöld.

Framkvæmd könnunarinnar var með þeim hætti að reynt var að ná til sem flestra nemenda og í sem flestum námskeiðum. Þannig fengust alls 3272 svör frá nemendum í alls 214 námskeiðum. Nemendur merktu við staðhæfingar með því að gefa einkunn, í flestum tilfellum á skalanum 1 (mjög sammála) – 5 (mjög ósammála). Staðhæfingarnar voru t.d. “Kennarinn kemur vel undirbúin í tímana”, “Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert” og “Heimavinna í þessum áfanga er hæfilega mikil”. Í grófum dráttum voru niðurstöður þær að mikill meirihluti (nær 90%) nemenda sagði að sér liði vel eða mjög vel í kennslustundum. Flestir töldu einnig námsálag hæfilegt og tveir af hverjum þremur sögðust ánægðir með kennara í viðkomandi námskeiði og álíka margir en þó örlítið færri voru ánægðir með kennsluna sjálfa.

Þegar niðurstöður lágu fyrir á vorönn 2000 var yfirlýst stefna skólameistara að nota upplýsingarnar sem grunn að starfsmannaviðtölum. Gert var ráð fyrir að

hver kennari fengi að vita útkomu sína úr þessu mati í einkaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara sem gæti um leið hrósað þeim sem það ættu skilið og hvatt til dáða þá sem ekki kæmu eins vel út úr þessari könnun. Tími vannst því miður ekki til að framkvæma öll áætluð viðtöl á vorönn og haustönn 2000 vofði yfir verkfallshótun sem síðan var framkvæmd, þannig að aldrei voru allir kallaðir í viðtal. Leggja þarf áherslu á þegar aftur verður ráðist í slíka könnun að henni verði fylgt eftir með uppbyggilegum viðtölum og öðrum aðgerðum eftir því sem þörf krefur.

Niðurstöður könnunarinnar voru í aðalatriðum mjög jákvæðar fyrir skólann. Spurðir um líðan í kennslustundum sögðu nær 90% nemenda hana vera mjög góða eða fremur góða. 67% voru sammála eða mjög sammála því að kennarar stunduðu starf sitt vel og þegar kom að því að gefa námsefninu og kennslunni umsögn voru tæp 50% á sammála eða mjög sammála að þar væri allt eins og best yrði á kosið. Þau viðmið sem þarna fengust munu koma að góðum notum þegar aftur verður ráðist í að framkvæma svo viðamikla könnun á námi og kennslu.

Athygli vakti hversu ótrúlega líkar niðurstöðurnar sem fengust í FÁ voru þeim sem fengist höfðu í FSu. Á þeim atriðum sem talin eru hér að ofan munaði hvergi meiru en þremur prósentustigum á skoðunum nemenda í þessum tveimur skólum. Vaknaði sú spurning hvort niðurstöður könnunarinnar væri öllu frekar umsögn um áfangakerfið eða skólagerðina sem slíka heldur en að mat nemenda á námi og kennslu í sínum skóla. Í framtíðinni er forvitnilegt að fylgjast með slíkum könnunum í fleiri skólum og skólagerðum og bera saman við þessar tvær kannanir.

tengsl markmiða og námsefnis bóknámsbrauta

Um markmið og námsefni bóknámsbrauta eru ekki til neinar kannanir né annað efni. Þar sem bóknámsbrautir eru fjölmennustu brautirnar við skólann og þar sem mikið hefur breyst á liðnum önnum vegna nýrrar námskrár er þetta eitt brýnasta matsverkefnið sem skólinn þarf að vinna.

mat á starfi lyfjatækna brautar

Árið 1999 var á vegum skólans framkvæmt þjónustumat þar sem mat var lagt á nám á lyfjatækna braut og starf lyfjatækna. Þetta var í fyrsta sinn sem metin var í heild sinni starfsmenntabraut á vegum skólans og niðurstaðna var því beðið með nokkurri eftirvæntingu. Matið framkvæmdu þau Gréta E. Pálsdóttir og Kristinn Hugason sem á þeim tíma voru nemendur í matsfræðum við Félagsvísindadeild HÍ.

Framkvæmd matsins var með þeim hætti að spurningalistar voru sendir öllum félagsmönnum í Lyfjatæknafélagi Íslands annars vegar (281 listi) og síðan aðrir listar til yfirmanna lyfjatækna (68 listar). Því miður voru heimtur á listum langt í frá nógu góðar til að hægt væri að byggja tölfræðilega útreikninga á þeim en höfundar tóku þrátt fyrir það saman skýrslu þar sem helstu niðurstöður könnunarinnar eru tíundaðar. Þar kemur í ljós að nám við lyfjatækna braut er að mati höfunda heldur vel virt á vinnumarkaði. Yfirmennirnir bera lyfjatæknum og námi þeirra vel söguna og þeir telja heldur ekkert athugasvert við að námið heyrði undir fjölbrautaskóla og fari þar fram. Lyfjatækna sjálfir eru einnig ánægðir með námið og koma með gagnlegar athugasemdir um greinar sem mætti minnka vægið á (s.s lyfjagerð og tengdar greinar) og aðrar sem þeir leggja til að fái aukið vægi (tölvunotkun og afgreiðslutækni). Áberandi var hinsvegar að langflestir lyfjatækna eru á þeirri skoðun að náminu væri best borgið í sérskóla en ekki í fjölbrautaskóla. Rök fyrir þeirri skoðun eru þau að námið verði ekki metið að verðleikum meðan það sé að finna innan fjölbrautakerfisins, að það sé of sérhæft

til að rúmast innan fjölbrautaskóla og að um sé að ræða tækninám sem heyra eigi undir tækniskóla eins og meinatækni og röntgentækni.

Lyfjatæknar komu einnig með margar gagnlegar hugmyndir um efni sem hentaði starfandi lyfjatæknum að taka sem endur- og viðbótarmenntun og bentu þar m.a. á námskeið sem leiddu til aukinnar sérhæfingar t.d. fyrir lyfjatækna sem vinna við lyfjagerð eða lyfjatækna sem starfa inni á sjúkrahúsum.

Í heild má segja að skýrslan hafi orðið til að varpa nokkru ljósi á þau atriði sem betur mega fara í störfum lyfjatækniþrautarinnar og ljóst er að innan skólans er fullur vilji fyrir því að leysa helsta umkvörtunarefni lyfjatækna, sem sé að aðgreina námið frá fjölbrautaskólanum en telja má að það markmið náist um leið og byggð hefur verið ný sérálma við skólann þar sem Heilbrigðisskólinn yrði aðskilinn frá öðrum hlutum skólans. Öðrum ábendingum hefur verið sinnt eftir föngum en í þeim tilfellum þarsem samþykki ráðuneytis þarf til að breyta námsefni og þessháttar hefur ekki alltaf tekist sem skyldi um framkvæmd jafnvel þó að starfsgreinaráð hafi lýst yfir stuðningi við tillögurnar.

stuðningur við nemendur

Áður hefur verið sagt frá samsetningu nemendahópsins. Ljóst er að þegar fólk með jafn ólíkan bakgrunn, námshæfileika og markmið með námi kemur til starfa við einn og sama skóla þarf það að eiga kost á ítarlegri ráðgjöf og stuðningi. Skólinn hefur því lagt mikla vinnu í að stuðningur við nemendur sé sem víðtækastur og að reynt sé að taka á hverjum vanda á frumstigi. Helstu stuðningsleiðirnar eru annarsvegar námsráðgjöfin og umsjónarkennslan sem gert er ráð fyrir að gagnist öllum nemendum skólans og hinsvegar aðstoð við nemendur með sértæka námsörðugleika (dyslexíu) og nemendur með annað móðurmál en íslensku eða svokallaða nýbúa.

- I. *Námsráðgjöf.* Við skólann starfa tveir námsráðgjafar í fullu starfi. Þeir starfa samkvæmt reglugerð um starfslið framhaldsskóla og eru báðir

með full réttindi til að kalla sig námsráðgjafa. Þeir eru til viðtals fyrir nemendur alla virka daga og sinna jöfnum höndum þeim sem koma án þess að gera boð á undan sér og hinum sem panta sér tíma til að ræða sín mál. Í könnun sem gerð var á þjónustu námsráðgjafar vorið 2000 (Jóna Guðmundsdóttir, Mat á námsráðgjöf, ágúst 2000) kom fram að almennt eru nemendur nokkuð ánægðir með þá þjónustu sem þar er veitt. Þeir gefa upp mismunandi ástæður fyrir för sinni á fund námsráðgjafa en algengust var að þeir leituðu eftir upplýsingum um nám í skólanum, leituðu ráða við skipuleggja vinnu sína í skólanum og aðstoðar við stundatöflubreytingar eða að þeir vildu afla sér upplýsinga um framhaldsnám og störf að námi loknu. Tiltölulega fáir gáfu upp sem höfuðástæðu heimsóknar að þeir hefðu viljað ræða persónuleg málefni en gera má ráð fyrir að slík mál blandist oftast en ekki inn ef nemandi á í vanda með t.d. að skipuleggja nám sitt eða að standast mætingakröfur. Undantekningarlítið sögðu þeir sem þegið höfðu ráð námsráðgjafanna að þau ráð hefðu gefist sér vel.

Kennarar voru einnig nokkuð ánægðir með störf námsráðgjafanna í þessari könnun. Helsta athugasemd þeirra var að námsráðgjöf mætti verða sýnilegri í skólanum og hafa námsráðgjafarnir tekið þá athugasemd til greina og eru nú duglegri við að kynna mál sem eru á döfinni hjá þeim. Á síðustu önnum hafa þeim einnig verið fengnir fleiri málaflokkar að vinna að s.s. uppbygging nýrra námsbrauta og mótun starfsmannastefnu, hvorutveggja að sjálfsgöðu í samvinnu við aðra.

- II. *Kerfi umsjónarkennara.* Það er í sífelldri þróun innan skólans en í kjarasamningum um áramótin 2000/2001 var að nokkru kippt grunninum undan nokkurra anna uppbyggingarstarfi. Fram að þeim tíma hafði stefna skólans verið að hafa fáa umsjónarkennara og láta þá í staðinn hafa fleiri tíma í viku hverri til að sinna nemendum sem urðu reyndar óhjákvæmilega nokkuð margir á hvern umsjónarkennara. Í fyrrnefndum kjarasamningum var hinsvegar samið um að þeim peningum sem áður var varið sérstaklega í þennan þátt skyldi deilt

niður á alla kennara jafnt og allir kennarar yrðu þar með umsjónarkennarar. Skólinn hefur síðan verið að laga sig að þessum breyttu aðstæðum. Þar sem gífurlega margir nýir kennarar tóku við umsjónarstarfi var tekinn sá kostur að mynda þör umsjónarkennara þar sem óreyndur og reyndur kennari starfa saman að umsjón sinna nemenda. Þannig var reynt að koma í veg fyrir að áður nefnt uppbyggingarstarf yrði unnið fyrir gýg. Jafnframt var reynt að bæta aðstöðu til einkaviðtala í skólanum þar sem fleiri kennarar sinna nú þeim þætti. Ekki er mikil reynsla komin á þetta nýja kerfi og verður fróðlegt að sjá hvernig það þróast á næstu önnum.

Meðan gamla umsjónarkerfið var við lýði var gerð könnun (Gréta E. Pálsdóttir og Kristinn Hugason, Mat á starfi umsjónarkennara, vor 1999) þar sem í ljós kom að nemendur voru almennt nokkuð ánægðir með störf umsjónarkennaranna. Þó kvörtuðu þó sumir undan því að þeir sæju heldur lítið til umsjónarkennara síns og að hver umsjónarkennari hefði lítinn tíma fyrir hvern einstakan nemanda. Verður fróðlegt að sjá hvort nánari tengsl myndast innan hins nýja kerfis, nú þegar hver kennari sinnir færri nemendum.

- III. *Dyslexía.* Á síðustu árum hafa þeir nemendur sem eiga við sértæka námsörðugaleika að etja sífellt orðið sýnilegri í skólanum. Sérstaklega á þetta við um þann hóp nemenda sem haldnir eru dyslexíu (stundum kallað lesblinda) á einhverju stigi enda sýna erlendar kannanir að u.þ.b. 8 – 11% nemenda á við þennan vanda að etja. Skólinn hefur á liðnum önnum staðið að umtalsverðu frumkvöðlastarfi til að mæta þörfum þessa hóps. Það starf hefur verið unnið með góðum stuðningi menntamálaráðuneytis og hafa ýmsir skólar nú farið að dæmi FÁ. Starfið felst meðal annars í því að nemendum er gefinn kostur á að sitja í sérstökum hóp með sínum líkum þar sem til viðbótar við hefðbundna lestrarþjálfun og stafsetningarkennslu er verið að gefa nemendum færi á að miðla öðrum af reynslu sinni og að skiptast á ráðum og lausnum. Hefur þetta þótt gefast vel og er almenn ánægja

meðal nemenda sem tekið hafa þátt í slíku hópastarfi. Þeir kennarar skólans sem að þessari vinnu hafa komið, hafa haldið námskeið og fyrirlestra fyrir kennara úr öðrum skólum og hefur þetta starf vakið nokkra athygli.

- IV. *Nýbúakennsla.* Samfélag okkar verður æ fjölþjóðlegra og hefur færst í vöxt að í nemendahópnum sé að finna unglinga sem eiga sér annað móðurmál en íslensku. Í sumum tilfellum er íslenskukunnáttu slíkra nemenda svo ábótavant að framhaldsskólaganga þeirra er í hættu verði ekkert að gert. Því hefur skólinn sett í gang tilraunaverkefni þar sem reyna á að aðstoða þessa nemendur bæði sem hóp og á einstaklingsgrunni. Stefnt er að því að aðstoða þá við að greina veikleika sína og hvernig megi bæta úr þeim með þeim miðlum sem skólinn hefur yfir að ráða. Þetta starf er á algjörum byrjunarreit á vorönn 2002 en verður fróðlegt að meta síðar hvort slík vinna skilar tilætluðum árangri.

áherslur deilda á heimanám

Áður hefur komið fram að æskilegt er að fljótlega verði ráðist í að vinna sjálfsmat deilda. Meðal þess efnis sem þyrfti að meta sérstaklega eru áherslur deilda á heimanám. Hvaða kröfur eru gerðar, hvernig er þeim kröfum fylgt eftir og hvernig er brugðist við ef heimanámi er ekki sinnt sem skyldi. Forvitnilegt er líka að skoða hvernig heimaverkefni eru metin til lokaeinkunnar í hinum ýmsu deildum.

Námsmat

hvernig er námsmati háttað

Samkvæmt áralangri hefð íslenskra framhaldsskóla lýkur yfirferð námsefnis með prófum. Áður fyrr var algengt að slík próf væru munnleg, þar sem kennari varpaði spurningum til nemandans og mat síðan frammistöðuna ásamt prófdómara. Þegar fjölga tók í framhaldsskólunum lögðust slík próf nær algjörlega af nema hvað hluti prófa í tungumálum eru framkvæmd með þessum hætti til að kennari geti metið framburð og orðaforða nemenda í samræðum. Við skólann hafa mál þessi verið með nokkuð hefðbundnum hætti.

- I. Algengast er að áföngum ljúki með prófi sem haldið er í lok annar. Árangur á slíku lokaprófi getur síðan ráðið algjörlega einkunn nemandans í áfanganum en í flestum tilfellum er það látið gilda 50 – 80% á móti vinnu sem nemandinn hefur innt af hendi á önninni.
- II. Nokkrir áfangar eru próflausir í annarlok og þurfa nemendur þá að sitja tiltekinn fjölda kennslustunda (yfirleitt 90%) til að teljast hafa staðist slíkan áfanga. Oftast er ekki gefin einkunn fyrir slíkan áfanga heldur einungst staðið/fallið.
- III. Að lokum eru svokallaðir símatsáfangar þar sem kennari metur alla vinnu nemenda jafnóðum til lokaeinkunnar. Slíkir áfangar eru að jafnaði án lokaprófs en þó er það ekki einhlítt.

Gerð er sú krafa til kennara að þeir geri nemendum grein fyrir námsmatsaðferðum í námsáætlun við upphaf annar. Þar skal gerð skýr grein fyrir hvaða skilyrði nemendur þurfi að uppfylla til að þeim sé heimilt að taka lokapróf og hvaða einkunnir þurfi að hafa í einstökum hlutum námsefnis ef um það er að ræða. Að lokinni einkunnagjöf í annarlok skal nemanda síðan heimilt að skoða prófurlausn sína og kennara ber að skýra fyrir honum óljós atriði við einkunnagjöfina. Rísi ágreiningur er heimilt að kalla til prófdómara, annað hvort úr hópi starfandi kennara við skólann eða utanaðkomandi aðila.

tengsl námsmats við markmið brauta

Deildum ber að sjá um að námsmat í áfanga sé í samræmi við markmið hans eins eins og þau eru sett fram í skólanámskrá. Skólanámskrá er aftur byggð á námskrá menntamálaráðuneytis og er eitt af verksviðum aðstoðarskólameistara að tryggja að samræmi sé þar á milli. Augljóst er að ef og þegar samræmd próf verða tekin upp á framhaldsskólastigi verða þau hönnuð í samræmi við markmið sameiginlegrar námskrár og þá reynir á að deildir séu með námsmat í nánnum tengslum við markmið brautanna. Sem dæmi er hægt að taka markmið náttúrufræðibrautar: Í aðalnámskrá segir að henni sé ætlað “að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggjast á góðri undirstöðu í náttúruvísindum s.s. heilbrigðisgreinum og landbúnaðarfræðum.” Augljóst er að svo víðtæk markmið eins og að “veita góða almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum” jafnframt því að búa “nemendur undir framhaldsnám í háskóla í náttúruvísindum” er erfitt að mæla og til þess að þessi markmið megi nást þurfa deildir að horfa á markmiðin þegar kennsluáætlanir eru gerðar og síðan aftur þegar námsmatið fer fram.

ábyrgð á framkvæmd námsmats

Eins og fyrr hefur verið nefnt var til skamms tíma til staða deildarstjóra í skipuriti framhaldsskóla. Hann var eins og nafnið ber með sér yfirmaður deildar og bar fyrst og fremst ábyrgð á því að deildin stæði við markmið námskrár. Hann stjórnaði deildarfundum þar sem náms- og kennsluáætlanir voru gerðar sem og bókalistar og skilaði þeim síðan til yfirvalda. Hann fjallaði einnig um umsóknir nemenda sem sóttu um að verða svokallaðir P-nemendur í greininni (P-nemandi er að hluta til utanskóla en ber að mæta í hlutapróf og skila stærri verkefnum eins og aðrir nemendur) og skipti slíkum nemendum milli kennara með þeirra

samþykki. Deildastjóra bar einnig að hafa yfirumsjón með gerð og yfirferð lokaprófa og að einkunum væri skilað inn á réttum tíma.

Með nýjum kjarasamningum (jan. 2001) var embætti deildarstjóra lagt niður og skipað svo fyrir að allir kennarar yrðu deildarstjórar og bæru sameiginlega ábyrgð á framkvæmd atriðanna sem talin eru hér á undan. Þó er í samningunum gert ráð fyrir að skólameistari geti útnefnt verkefnisstjóra á ýmsum sviðum eftir því sem þörf gerist og verður að telja líklegt að þegar fram líða stundir verði deildarstjórn (a.m.k. í stærri kennslugreinum) talið með þeim verkefnum sem klárlega þurfa á verkefnisstjóra að halda.

upplýsingaskylda gagnvart nemendum og heimilum

Ekki er langt síðan að sjálfræðisaldri hér á landi var breytt úr 16 árum í 18 ár. Áður en sú breyting varð voru nær allir nemendur framhaldsskólanna sjálfráða og því ekki lagalegur grundvöllur fyrir því að veita heimilum eða forráðamönnum nemenda upplýsingar um stöðu þeirra í námi eða leik. Með hækkun sjálfræðisaldurs hefur þetta breyst og nú eiga foreldrar ósjálfráða nemenda kröfu á því að skólinn veiti þeim allar upplýsingar sem þeir kunna að leita eftir og varðar námsferil barna þeirra. Mikið vantar þó á að þetta sé almennt í föstum skorðum af skólans hálfu enn sem komið er enda stutt síðan breytingin gekk í garð. Ekki tíðkast að senda einkunnir inn á heimili grunnskólabarna hér á landi eins og víða er gert erlendis og því ennþá síður grundvöllur fyrir að gera slíkt í framhaldsskólanum. Síðastliðnar annir, eða frá og með haustönn 1999 hafa þó farið bréf frá skólanum á miðri önn, í kjölfar svokallaðs miðannarmats, til forráðamanna þeirra nemenda sem ekki standast þær kröfur er skólinn gerir til þeirra. Í framhaldi af því hefur svo foreldrum verið boðið að hafa samband við skólann og ræða framhald skólagöngu við umsjónarkennara barnsins, námsráðgjafa eða skólayfirvöld. Hafa foreldrar í vaxandi mæli nýtt sér það boð.

Nemendur

inntökuskilyrði

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 segir að að allir sem lokið hafi grunnskólanámi skuli eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla. Í reglugerð 98/2000 segir síðan að til að hefja nám á náttúrufræði-, félagsfræði- og málabrautum þurfi nemendur að hafa staðist tiltekin samræmd lokapróf og hafa staðist þau með lágmarkseinkuninni 5. Í sömu reglugerð segir síðan: “Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla inntökuskilyrði brautar að fullu að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur”. Í þessari reglugerð er ennfremur gert ráð fyrir að heimilt sé að veita inngöngu nemendum sem ekki uppfylla lágmarkskröfur enda innritist þeir þá á almenna námsbraut sem skal veita þeim undirstöðu þannig að þeir verði færir um að stunda nám á einhverri hinna þriggja bóknámsbrauta eða starfsnámsbrautum.

Þetta er ný reglugerð og miðast við nýja námskrá, en fram að þessu hefur verið tekið á málunum á þann hátt að skólinn hefur haft í boði svokallaða núlláfangu sem eru einingalausir byrjunaráfangar þar sem leitast hefur verið við að veita nemendum með ónóga undirstöðu aðstoð. Þessu til viðbótar hafa kjarnagreinarnar boðið uppá hægferðir, sem eru byrjunaráfangar með eðlilegu námsefnismagni en fleiri tímum á viku en venjulega eru kenndir í viðkomandi áfanga. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum til að vinna upp efni jafnframt því sem þeir tileinka sér nýtt og miða að því að þeir geti tileinkað sér eðlilegan námshraða að loknum einum eða tveimur slíkum hægferðaráföngum.

Skólinn hefur mikla og í mörgum tilfellum góða reynslu af kennslu hægferðaráfanga og mun leitast við að þróa þá áfram undir merkjum almennrar námsbrautar. Nemendur kunna því flestir vel að fá fleiri tíma í grein á viku en þeim strangt til tekið ber og allmikil brögð eru að því að nemendur sem öðlast hafa rétt til að flytjast yfir í venjulegan áfanga að lokinni einni önn í hægferð sækist eftir að fá að sitja aðra önn í slíkum stuðningsáfanga. Brottfall úr slíkum

byrjendaáföngum er þó alltaf verulegt og því þarf að huga að fleiri stuðningsleiðum við slíka nemendur í framtíðinni og nú á vorönn 2002 hefur skólinn þegar stigið fyrstu skref á þeirri braut með því að auglýsa eftir kennurum til að mynda vinnuhóp um málið.

viðhorf nemenda til skólasamfélagsins

Í mars 2002 var lögð fyrir nemendur könnun sem ætlað var að reyna að fanga viðhorf þeirra til skólans. Þar er horft á skólann sem vinnustað nemenda og þeir voru beðnir að svara spurningum um aðstöðu til náms utan kennslustunda, aðstöðu til að matast og hvílast á skólatíma, hvernig áhrif þeir geti haft á skólastarfið og og fleiri atriði er teljast mikilvæg á góðum vinnustað. Ennfremur voru nemendur spurðir um hug þeirra til skólafélaganna og þátttöku í félagslífi í þeirri von að takast megi að finna og meta skólaandann eða skólabraginn. Bráðabrigðaniðurstöður sýna að þrátt fyrir að nemendur finni að ýmsum atriðum s.s. fáum bílastæðum, skorti á mótuneyti og þó þeir gefi félagslífinu lága einkunn þá segja nær 80% sig sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeim líði yfirleitt vel í skólanum.

Frá sjónarhóli kennara vekur ugg hve mikið nemendur vinna með námi, en tæp 40% segjast vinna meira en 11 stundir á viku og hve lítinn sess heimanám skipar í lífi nemenda, en 28% þeirra segjast nota minna en hálfa klukkustund á dag til heimanáms og 40% til viðbótar hálfa til eina klukkustund.

brottfall

Brottfall úr byrjunaráföngum hefur þegar verið nefnt sem eitt af helstu vandamálum sem við er að glíma í skólastarfinu. Hinu er þó ekki að leynd að fleiri hætta námi en nýnemar og rannsóknir á brottfalli nemenda og aðgerðir sem eiga að sporna við því eru meðal brýnustu verkefna á komandi önnum. Þess ber

þó að geta að ekki er allt sem sýnist, því að inni í tölum um brottfall er að finna tölur um alla þá sem skipta um skóla, hver sem ástæðan er og einnig þá sem taka sér hlé frá námi um styttri eða lengri tíma.

Starfsfólk

menntun þess og endurmenntun

Starfsfólk skólans er alls 85 manns og þar af eru kennarar 73 nú á vorönn 2002. Þar er undantekningalítið um að ræða fólk með full réttindi framhaldsskólakennara ef undan eru skildir nokkrir kennarar í sérgreinum brauta sem koma úr ýmsum greinum atvinnulífsins og eru með aðra menntun. Af almennum framhaldsskólakennurum við skólann eru einungis fjórir réttindalausir og þrír þeirra eru í námi til starfsréttinda jafnframt vinnu. Allt starfsfólk bæði kennarar og aðrir hafa sýnt mikinn áhuga á að sækja sér endurmenntun á liðnum árum, bæði í formi námskeiða innan sem utan skólans auk þess að nokkrir einstaklingar hafa lagt stund á háskólanám til viðbótar fyrra námi.

Kennarar skólans hafa verið afkastamiklir við kennslubókaskrif, gerð námsefnis á vefrænu formi auk þess sem margir kennarar eru áberandi í fagfélögum og taka á þeim vettvangi þátt í að móta stefnuna í kennslu sinna greina. Margir og verulegir styrkir úr námsefnisgerðarsjóði og þróunarsjóði menntamálaráðuneytisins hafa hlotnast kennurum skólans á liðnum árum og ber það vott mikilli faglegru vinnu þeirra.

Skólanum hefur haldist mjög vel á starfsfólki og á stór hluti þess langan starfstíma að baki innan skólans og um 20% hafa verið með allt frá stofnun FÁ.

stefna varðandi mannaráðningar

Í stórum skóla er eðlilega alltaf nokkur hreyfing á starfsmönnum. Við ráðningu nýrra starfskrafta hefur verið lögð áhersla á að hafa samráð við deildir eða kennara í viðkomandi grein og að umsögn deildar fenginni er umsækjendum raðað í hæfnisröð og sá hæfasti ráðinn.

Skólinn hefur getið sér gott orð fyrir að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og hefur að sjálfsgöðu einsett sér að halda áfram á þeirri braut.

Aðbúnaður

aðbúnaður kennara

Aðbúnaður kennara má ef til vill segja að sé með því besta og því versta sem þekkist í framhaldsskólum. Með því besta hvað varðar tölvukost en eins og áður hefur komið fram er langstærstur hluti kennara með eigin fartölvur, innhringisamband við skólann er gott og öll þjónusta í kringum tölvurnar er í góðum farvegi. Það er hinsvegar til lítils að hafa góða fartölvu ef aðstaðan til að sitja og vinna við hana í skólanum er ekki fullnægjandi. Til skamms tíma var vinnuaðstaða kennara eingöngu ein stofa með 24 básum sem kennarar skiptust á um að nota. Á síðastliðnum þremur árum hefur verið gert átak í að bæta þessa aðstöðu og hafa verið teknar kennslustofur undir vinnuaðstöðu, vinnuherbergi útbúinn á stigapöllum auk þess sem ein vinnustofa var teiknuð inn í breytingar á kennarastofu og stjórnunarálmu. Ennþá er þessi aðstaða þó mjög ófullnægjandi. Í tveimur tilfellum eru 10 –15 manns saman í herbergi og þá er næði lítið og geymsluaðstaða öll mjög af skornum skammti. Þetta helst að sjálfsgöðu í hendur við önnur húsnæðismál skólans og vonlítið að úr rætist fyrr en byggð verður eigin álma fyrir Heilbrigðisskólann.

aðbúnaður nemenda

Í fyrrnefndri könnun á aðstöðu nemenda sem gerð var nú á vorönn 2002 kom í ljós sem áður var vitað að aðbúnaður nemenda er alls ófullnægjandi. Mötuneytismál eru þar efst á baugi enda sögðust 75% nemenda sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að nauðsynlegt væri að koma upp mötuneyti við skólann. Margir bentu einnig á skorti á borðum og stólum í alrými nemenda og hefur þegar verið gert átak til að bæta þar úr. Nemendum voru bílastæðamálin einnig ofarlega í huga og sögðust yfir 50% oft, eða jafnvel alltaf, eiga í erfiðleikum með að láta frá sér bifreið í morgunsárið.

Undir aðbúnað nemenda hlýtur einnig að flokkast hvernig stundatöflum þeim er úthlutað. Könnunin sýndi að þrátt fyrir að mikið sé um ósamfelldar stundatöflur þá eru nemendur ekki teljandi óánægðir með þær. Þannig eru yfir 75% nemenda með þrjár eða fleiri eyður (samliggjandi tímar taldar sem ein eyða) í viku hverri en þó eru ekki nema 16% nemenda sem segja töflu sína slæma eða mjög slæma. Oftast segjast nemendur nota götin/eyðurnar til að spjalla en næstalgengast er að þeir drífi sig heim eða fari á bókasafnið að læra.

aðbúnaður annarra starfsmanna

Árið 2000 var stjórnunaráalma skólans og kennarastofa endurbyggð. Við það batnaði mjög aðstaða margra starfsmanna skólans: Skólameistari og aðstoðarskólameistari fengu nýjar og stærri skrifstofur, skrifstofa skólans var stækkuð og fjármálastjóri og námsráðgjafar fengu einnig bættu aðstöðu. Um leið var eldhús skólans flutt og endurhannað og bætti það mjög alla vinnuaðstöðu þeirra sem þar starfa og var í raun forsenda þess að hægt var að bæta við starfskrafti í eldhús. Aðstaða húsvarðar og ræstingastjóra var einnig stækkuð við það tækifæri.

Ljósritunarmál skólans hafa verið færð í þann fjarveg (frá hausti 2000) að þeim störfum sinnir nú starfskraftur í hlutastarfi. Aðstaða til ljósritunar og prentunar var síðan stækkuð haustið 2001 og er nú komin í viðunandi horf.

Undir lok vorannar 2002 var gerður samningur við Nýherja um prentun og ljósritun alls efnis í skólanum. Nýherji leggur til og rekur vélakost og skólinn borgar vissa upphæð fyrir prentun á hverju blaði. Kortaskannar eru tengdir vélunum til að fylgjast með notkuninni. Nemendur kaupa síðan inneign og geta prentað að vild meðan innistæða er fyrir hendi. Miklar vonir eru bundnar við að þessi lausn verði til að draga úr pappírseyðslu og vélasliti og að spara megi umtalsverðar fjárhæðir.

tæknibúnaður

Tæknibúnaður er ekki bara tölvubúnaður og í stórum skóla eru gerðar kröfur um ýmisskonar tæknibúnað annan. Fyrst ber að nefna að í tengslum við aukna fartölvunotkun kennara er sífellt meiri eftirspurn eftir skjávörpum til notkunar í kennslustofum. Þeir eru nú til sjö í skólanum en stefnt er að því að hafa skjávarpa í hverri kennslustofu innan árs.

Myndbandstæki og sjónvörp eru einnig í mikilli notkun og eru sex slík sett í gangi á þar til gerðum vögnum, eitt á hverri hæð í hverri álmu skólans. Skjávarpa má tengja myndbandstæki og varpa myndinni á tjald, þannig að ef skjávörpum verður fjölgað er hugsanlegt að notkun sjónvarpstækjanna minnki en eftirspurn eftir myndbandstæki munu enn um sinn verða mikil ef fer sem horfir.

Alltaf er þörf fyrir ýmiskonar annan tækjabúnað og er leitast við að verða við óskum deilda og brauta eftir því sem efni og ástæður eru til.

bókasafn

Á vorönn 1999 var þjónusta bókasafns skólans metin. Það verkefni var unnið af þeim Grétu E. Pálsdóttur og Kristni Hugasyni og var hluti af námi þeirra á matslínu við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þar kom fram að nemendur jafnt sem kennarar eru ánægðir með þjónustu bókasafnsins og engar athugasemdir voru gerðar um faglegt starf sem þar er unnið. Allar þær ábendingar sem bárust vörðuðu þrengsli, loftleysi og skort á aðstöðu til hópavinnu. Þetta eru allt atriði sem ekki verður svo auðveldlega bætt úr fyrr en ný álma verður byggð við skólann.

Höfundar benda líka á að bæta þurfi tölvukost safnsins. Úr því hefur þegar verið bætt á þann hátt að nú hafa nemendur jafnt og kennarar aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins frá öllum tölvum skólans sem og fjölda erlendra gagnasafna sem bókasafnið hefur samið um aðgang að. Enn vantar þó nettengdar tölvur á bókasafnið til að bæta lestraraðstöðu nemenda. Ennfremur er á stefnuskrá að bókasafnið hafi til útláns heyrnartól og hugbúnað til notkunar við tungumálanám þannig að safnið og tölvuver skólans nýtist í sameiningu sem málver. Þegar hefur verið keypt bekkjarsett af heyrnartólum og er stefnt að því á árinu að sækja um styrk til að þróa kennsluhætti í ensku þannig að þau nýtist í kennslu sem og auðvitað við sjálfsnám utan kennslustunda.

Stjórnun

stjórnunarstíll yfirmanna

Á árinu 2001 birti Oddný Harðardóttir meistaraprófsritgerð sína undir heitinu “Húsbóndans augu vinna hjúanna hálfu verk”. Þar lagði rannsaði hún stjórnendastíl skólameistara í framhaldsskólum landsins og byggði á spurningum sem hún lagði fyrir kennara og aðra undirmenn. Heildarniðurstöður voru um

margt áhugaverðar en að sjálfsögðu nokkuð almenns eðlis. Hinsvegar var gerð aukalega greining á stjórnunarstíl hvers skólameistara og honum afhentar niðurstöðurnar til eigin nota. Þar fengu menn endurgjöf á þá hluti sem þeir hafa verið að gera og ábendingar um á hvaða sviðum þeir þyrftu helst að bæta sig. Ekki er ástæða til að tíunda niðurstöður hér en vakin er á þessu athygli því með þessu er hægt að segja að til séu upplýsingar um þessi mál og viðmið sem hægt er að nota í síðari athugunum á núverandi skólameistara eða öðrum í stjórnunarstöðum.

Ytri tengsl

við grunnskóla

Nemendur morgundagsins ganga í dag í grunnskóla borgarinnar og nágrannasveitarfélaganna. Mikilvægt er því fyrir skólann að markaðssetja sig hvenær sem því verður við komið meðal þess unga fólks sem þar stundar nám. Á liðnum árum hafa verið haldnir kynningarfundir í grunnskólum með fulltrúum hinna ýmsu framhaldsskóla þar sem námsráðgjafar héðan hafa kynnt skólann og nemendur 10. bekkja heimsækja skólann og skoða aðstöðuna á hverjum vetri.

Á síðari árum hefur gætt vaxandi áhuga meðal grunnskóla á að tengjast framhaldsskólum þannig að nemendur í síðustu bekkjunum geti tekið námseiningar í framhaldsskóla sem valgrein. Þetta hefur verið gert í einstökum greinum, aðallega kjarnagreinunum. Með tilkomu nýrrar námskrár grunnskóla er þessum möguleika gert hærra undir höfði og hvatt er til þess að nemendum sé bent á þennan valkost. Fjarnám það sem nú er í boði í skólanum eykur fýsileika þessa fyrir grunnskólanemendur og hefur nú verið ákveðið að gera tilraun skólaárið 2002-2003 með samvinnu við einn grunnskóla um fjarnám í kjarnagreinum. Forvitnilegt verður að fylgjast með framvindu þeirra mála og áhugavert að sjá hvort nemendur sem kynnast skólanum í gegnum slíkt fjarnám munu sækjast eftir setu í skólanum að grunnskólanámi loknu.

við aðra framhaldsskóla

Formleg samskipti við aðra framhaldsskóla eru ekki mikil, en í gegnum fagfélögin hafa kennarar alltaf þónokkur samskipti sín í milli. Sama máli gegnir um yfirvöld, námsráðgjafa og tölvufólk og ýmsa aðra aðila innan skólanna.

Gerðar hafa verið tilraunir með sameiginlega vinnufundi FÁ og nokkurra annarra framhaldsskóla á liðnum árum en þrátt fyrir að það starf hafi þótt gefast vel var því ekki framhaldið. Ekki er gott að segja hverjar ástæður þess eru eða hvort grundvöllur samstarfs sé yfirleitt fyrir hendi en þó er ljóst að í mörgum tilfellum er verið að vinna að sömu hlutum innan skólanna og ætti því að vera fengur í tækifærum til skoðanaskipta. Þetta hefur komið vel í ljós á ráðstefnum þeim um upplýsingatækni í skólastarfi sem menntamálaráðuneytið hefur staðið fyrir á liðnum árum undir skammstöfuninni UT. Þar hittast kennarar af öllum skólastigum, ekki síst af framhaldsskólastigi, og miðla hverjir öðrum og læra hverjir af öðrum.

við útlönd

Á liðnum árum hafa alþjóðasamskipti stöðugt orðið stærri þáttur í öllu skólastarfinu. Sífelld gefast tækifæri til skólaheimsókna og styrkir og fyrirgreiðsla af ýmsu tagi eru í boði. Þannig hafa á skólaárinu 2001-2002 komið í heimsókn nemendur frá Danmörku og Ítalíu og þær heimsóknir hafa nemendur skólans endurgoldið. Sömuleiðis hafa verið samskipti kennara í milli, hingað komu kennarar frá Hollandi, Þýskalandi og Póllandi til að ljúka þriggja ára samvinnuverkefni: Heimili okkar í Evrópu. Það verkefni var unnið undir merkjum Comeniusar-áætlunarinnar sem er samevrópskur vettvangur fyrir skólasamstarf. Annar slíkur vettvangur er Leonardo-áætlunin þar sem hægt er að sækja um styrki til handa kennurum og nemendum starfsmenntabrauta.

Heilbrigðisbrautirnar hafa nýtt sér það og sent bæði kennara og nemendur úr landi og tekið á móti erlendum gestum í staðinn. Að lokum má geta þess að skólinn er þátttakandi í norrænu verkefni á þessu ári þar sem haldin er norræn kennaravika í hverju Norðurlandanna. Hér var haldin slík norræn vika í haust (2001) og við höfum sent kennara til hinna Norðurlandanna og því verður haldið áfram haustið 2002. Það verkefni er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Að sjálfsgöðu er mikið verk að halda utan um slík samskipti og því hefur raunin orðið sú að ráðinn hefur verið kennari til að sinna þessu í hlutastarfi á móti kennslunni og skipta tveir með sér slíkri vinnu nú á vorönn 2002. Vinnan í kringum gestakomur er mikil og á stundum erfið en þegar vel tekst til eru þær mjög góð kynning fyrir skólann og því er mikilvægt að slíku starfi sé sinnt af alúð og ekki síður að það sé metið að verðleikum til launa.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum

Ef byrjað er á að nefna helstu veikleika skólans þá er e.t.v. hægt að segja að fjölbreytnin sé veikleiki. Skólinn er í raun tveir skólar sem reknir eru í sama húsnæði og ekki fara alltaf saman hagsmunir. Þannig er nemendahópurinn með ólíkar þarfir grundvallaðar á aldri og bakgrunni, ekki síst þegar kemur að félagslífi. Þetta gerir að félagslífið hefur átt erfitt uppdráttar og þar með hefur skólinn átt undir högg að sækja hjá nemendum sem eru að velja sér skóla; gott félagslíf er þar stór þáttur.

Aðrir veikir þættir eru fjárhagsleg staða, sem meðal annars stafar, svo sem fram hefur komið, af skólagerðinni og miklu brottfalli sem þó fer minnkandi. Náteingt fjárhagsstöðu eru síðan húsnæðisvandamál og ýmisskonar aðstöðuleysi sem af því hlýst. (Vinnuaðstaða nemenda og kennara, mötuneyti nemenda, aðstaða til félagslífs o.s.frv.).

Styrkleikar eru á hinn bóginn fjölmargir. Starfsmannahópurinn er sterkur og stöðugur og hefur ekki síst sýnt styrk sinn með því að aðlagast nýrri tækni og taka heilshugar þátt í netvæðingu skólans og kennslunnar. Fjarkennsla og

dreifkennsla munu verða vaxandi þáttur í skólastarfi framtíðarinnar og þar hefur verið unnið mikið starf nú þegar innan skólans.

Stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika er ennfremur styrkleiki í skólastarfinu og ljóst að þar er verið að nema land til framtíðar. Aukin aðstoð við nýbúa getur tengst því starfi og skapað skólanum sérstöðu ef rétt er á málum haldið.

Ef byggt verður á sterkum hliðum og reynt að bæta úr veikleikum mun Fjölbrautaskólinn við Ármúla hafa alla burði til að dafna áfram og sinna hlutverki sínu; að mennta ungt fólk til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi.

Gögn

Samningur ráðuneytis og skólans um hlutverk skólans og áherslur í starfi.

Um skólann og starfslið hans. *Samantekt Sölvi Sveinsson.*

Uppkast að nýrri skólanámskrá. *Eiríkur Páll Eiríksson og fleiri.*

Mat á námsráðgjöf. *Jóna Guðmundsdóttir, ágúst 2000.*

Mat á starfi umsjónarkennara og þjónustu bókasafns. *Gréta Pálsdóttir og Kristinn Hugason, 1999.*

Mat á námi og starfi lyfjatækna. *Gréta Pálsdóttir og Kristinn Hugason, 2000.*

Leiðbeiningar fyrir sjálfsmat deilda. *Menntamálaráðuneytið 1996.*

Sjálfsmatáætlun skólans úr drögum að skólanámskrá. *Eiríkur Páll Eiríksson og fleiri.*

Viðhorf fyrrum nemenda FÁ til skólans. *Jóhanna Arnórsdóttir, 1999*

Óbirt gögn um viðhorf kennara FÁ til skólans. *Oddný Harðardóttir.*

Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. *Fjármálaráðuneytið, 2000*

Könnun á högum og viðhorfum meðal nemenda í fimm framhaldsskólum. *Hannes Í. Ólafsson og fleiri, 1998.*

Könnun á högum og viðhorfum meðal nemenda í fimm framhaldsskólum. *Hannes Í. Ólafsson og fleiri, 2001.*

Samstarf heimila og skóla. *Hannes Í. Ólafsson, 2001*

Framtíðaráform. *Minnisblað Sölvi Sveinsson, 2001*

Sjálfsmat skóla. *Menntamálaráðuneytið 1997*

Húsbóndans augu vinna hjúanna hálfu verk. *Oddný Harðardóttir, 2001*

Könnun á viðhorfum nemenda til náms og kennslu. *Birgir Einarsson, 2000*

Learning and Innovation Profile. Um stjórnunarstíl skólameistara. *Unnið af Oddnýju Harðardóttir sem hluti af mastersverkefni #16, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.*

Óbirt gögn frá nemendum í sálfræði um skoðanir nemenda á fartölvuvæðingu.

Rannsókn á fjarkennslu í vélritun og tölvufræði við FÁ. *Jóna Guðmundsdóttir, haust 1999.*